

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/522**

2021/EES/55/16

frá 17. desember 2015

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar undanþágu fyrir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa, vísbendingar um markaðsmisnotkun, viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga, lögbæra yfirvaldið að því er varðar tilkynningar um frestanir, heimild til viðskipta á lokuðum tímabilum og tegundir tilkynningarskyldra viðskipta stjórnenda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, einkum 6. gr. (5. mgr.), 12. gr. (5. mgr.), 17. gr. (2. og 3. mgr.) og 19. gr. (13. og 14. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) nr. 596/2014 er framkvæmdastjórninni veitt valdheimild til að samþykkja framseldar gerðir að því er varðar nokkur nátengd málefni sem lúta að undanþágu tiltekinna opinberra aðila og seðlabanka þriðju landa frá gildissviði þeirrar reglugerðar, vísbendingum um markaðsmisnotkun, viðmiðunarmörkum varðandi birtingu innherjaupplýsinga af hálfu þátttakenda á markaði með losunarheimildir, tilgreiningu á lögbæru yfirvaldi að því er varðar tilkynningar um tafir á opinberri birtingu innherjaupplýsinga, kringumstæðunum sem gera útgefanda kleift að veita heimild til viðskipta á lokuðum tímabilum og tegundum tilkynningarskyldra viðskipta stjórnenda.
- 2) Aðildarríki, aðilar að seðlabankakerfi Evrópu, ráðuneyti og aðrar stofnanir og félög með sérstakan tilgang í einu eða fleiri aðildarríkjum, Sambandið og tilteknir aðrir opinberir aðilar eða einstaklingar sem aðhafast fyrir þeirra hönd, ættu ekki að falla undir takmarkanir við framfylgd peninga- eða gengisstefnu eða stefnu um skuldir hins opinbera, að því marki sem þessar aðgerðir eru gerðar með hagsmuni almennings í huga og eingöngu í þeim tilgangi að framfylgja þessum stefnum.
- 3) Undanþágu frá gildissviði reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 fyrir starfsemi með hagsmuni almennings í huga má rýmka, í samræmi við 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, þannig að hún nái yfir tiltekna opinbera aðila sem bera ábyrgð á, eða hafa afskipti af, stýringu á opinberum skuldum og seðlabanka þriðju landa, ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur. Í þessu skyni hefur framkvæmdastjórnin gert og lagt fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu sem hefur að geyma mat á alþjóðlegri meðferð tiltekinna opinberra aðila, sem falin er, eða hafa afskipti af, stýringu opinberra skulda, og seðlabanka þriðju landa. Skýrslan hefur að geyma samanburðargreiningu á meðferð tiltekinna aðila og seðlabanka innan lagaramma þriðju landa ásamt þeim viðmiðum um áhættustýringu sem eiga við um þau viðskipti sem þessir opinberu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 88, 5.4.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 61.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1

aðilar og seðlabankar eiga í í viðkomandi lögsögum. Í samanburðargreiningunni er komist að niðurstöðu um að hentugt væri að rýmka undanþáguna fyrir viðskipti, fyrirmæli eða hegðun í þeim tilgangi að fylgja peningamálastefnu, gengisstefnu eða stefnu um stýringu á opinberum skuldum, til að hún nái einnig yfir tiltekna opinbera aðila og seðlabanka í þessum þriðju löndum.

- 4) Gera ætti lista yfir opinbera aðila og seðlabanka þriðju landa sem fá undanþágu og endurskoða hann eftir þörfum.
- 5) Mikilvægt er að tilgreina vísbendingar um misnotkun sem gefa ranga eða misvísandi mynd og tryggja óeðlilegt verð, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014, til að skýra þætti þeirra og taka tillit til tækniþróunar á fjármálamörkuðum. Því ætti að gera lista, sem ekki er tæmandi, yfir slíkar vísbendingar ásamt dæmum um athæfi.
- 6) Tilgreina ætti viðbótarvísbendingar um vissat athæfi þar sem þær geta skýrt og lýst slíku athæfi eftir því sem við á. Þessar vísbendingar ættu hvorki að teljast tæmandi né afmarkandi og tengsl þeirra við eitt eða fleiri dæmi um athæfi ættu ekki að vera takmarkandi. Dæmin um athæfi ættu ein og sér ekki að teljast markaðsmisnotkun en það ætti að taka tillit til þeirra við rannsókn markaðsaðila og lögbærra yfirvalda á viðskiptum eða fyrirmælum um viðskipti.
- 7) Beita ætti nálgun sem er í samræmi við eðli og sértæk einkenni hlutaðeigandi fjármálagerna og -markaða. Dæmin geta tengst og lýst einni eða fleiri vísbendingum um markaðsmisnotkun sem tilgreindar eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Þar af leiðandi getur tiltekið athæfi tengst fleiri en einni vísbendingu um markaðsmisnotkun sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014 allt eftir því hvernig henni er beitt og það getur verið einhver skörun. Að sama skapi getur annað tiltekið athæfi, þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í þessari reglugerð, lýst sérhverri vísbendingu sem sett er fram í þessari reglugerð. Því ættu markaðsaðilar og lögbær yfirvöld að taka tillit til annarra ótilgreindra aðstæðna sem gætu talist möguleg markaðsmisnotkun í samræmi við skilgreininguna sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 8) Tiltekin dæmi um athæfi, sem sett eru fram í þessari reglugerð, lýsa tilvikum sem falla undir skilgreininguna á markaðsmisnotkun eða sem, að sumu leyti, má líta á sem misnotkun. Hins vegar geta tiltekin dæmi um athæfi talist vera lögmæt ef, til dæmis, aðili sem á í viðskiptum eða gefur fyrirmæli um viðskipti sem gætu talist markaðsmisnotkun, getur sýnt fram á að ástæður hans fyrir slíkum viðskiptum eða fyrirmælum um viðskipti séu lögmæt og í samræmi við viðurkennda framkvæmd á viðkomandi markaði.
- 9) Í þeim tilgangi að setja fram dæmi um athæfi sem á við vísbendingar um markaðsmisnotkun eins og kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014, inniheldur millivísun í II. viðauka við þessa reglugerð bæði viðeigandi dæmi um athæfi og viðbótarvísbendingu sem tengist því dæmi.
- 10) Að því er varðar vísbendingar um misnotkun, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ná allar tilvísanir í „fyrirmæli um viðskipti“ yfir allar tegundir fyrirmæla, þ.m.t. upphafleg fyrirmæli, breytingar, uppfærslur og afturkallanir, án tillits til þess hvort þau hafa verið framkvæmd, hvaða aðferðir voru notaðar til að hafa aðgang að viðskiptavettvanginum eða til að framkvæma viðskipti eða setja fram fyrirmæli um viðskipti og hvort fyrirmælin hafa verið færð í tilboðaskrá viðskiptavettvangsins eða ekki.
- 11) Þátttakendur á markaði með losunarheimildir eru sérstakur undirflokkur markaðsaðila á markaði með losunarheimildir. Meðal markaðsaðila á markaði með losunarheimildir ættu þeir sem eru yfir tilteknum lágmarksviðmiðunarmörkum að flokkast sem þátttakendur á markaði með losunarheimildir og kröfurnar um opinbera birtingu innherjaupplýsinga ættu aðeins að gilda um þá. Því ætti að setja þessi lágmarksviðmiðunarmörk fram með skýrum hætti.
- 12) Í samræmi við skilgreininguna á innherjaupplýsingum skv. 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal þátttakandi á markaði með losunarheimildir meta, í hverju tilviki fyrir sig, hvort upplýsingarnar sem eru til athugunar uppfylla skilyrðin um innherjaupplýsingar. Þetta þýðir að ekki er ætlast til að þátttakandi á markaði með losunarheimildir birti opinberlega allar upplýsingar um raunlæga starfsemi sína. Þátttakandi á markaði með losunarheimildir ætti að meta með fullnægjandi hætti viðeigandi upplýsingar, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna og annarra utanaðkomandi þátta sem geta haft áhrif á verð losunarheimildar á þeim tiltekna tíma þegar upplýsingarnar koma fram.

- 13) Undanþágan sem sett er fram í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 undanskilur frá skilgreiningunni á þátttakendum á markaði með losunarheimildir markaðsaðila á markaði með losunarheimildir ef losun stöðvar eða flugstarfsemi sem hann á, stýrir eða ber ábyrgð á, hefur á næstliðnu ári ekki verið yfir lágmarksmarki koltvísýringsjafngildis og, stundi hann brennslustarfsemi, ef nafnvarmaafli hans hefur ekki verið yfir lágmarksmörkum. Því ættu lágmarksmörkin að varða alla starfsemi, þ.m.t. flugstarfsemi eða -mannvirki, sem hlutaðeigandi þátttakandi á markaði með losunarheimildir, eða móðurfyrirtæki hans eða tengt fyrirtæki, á eða hefur yfirráð yfir eða rekstrarstarfsemi sem hlutaðeigandi þátttakandi, eða móðurfyrirtæki hans eða tengt fyrirtæki, ber ábyrgð á, að öllu leyti eða að hluta.
- 14) Þar að auki ætti að taka tillit til viðmiðunarmarka árlegs koltvísýringsjafngildis og viðmiðunarmarka nafnvarmaafli á einu til að krafan taki ekki gildi. Það ætti því að nægja að fara yfir annað þessara tveggja viðmiðunarmarka til að krafan um birtingu upplýsinga skv. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 taki gildi.
- 15) Til að efla heilleika markaðarins en á sama tíma komast hjá óþarfa birtingu upplýsinga þykir rétt að ákvarða lágmarksviðmiðunarmörk þannig að fyrirtæki sem eru ólíkleg til að búa yfir innherjaupplýsingum séu undanþegin.
- 16) Lágmarksmörkin ætti að endurskoða, eins og við á, til að meta virkni þeirra m.a. með tilliti til vænts aukins gagnsæis á markaði með losunarheimildir, þ.m.t. fjölda tilkynnta atburða og rekstrarlegs álags sem fylgir, þróunar og þroska markaðarins með losunarheimildir, fjölda markaðsaðila á markaði með losunarheimildir og hvaða áhrif þau hafa á aðgengileika upplýsinga um tiltekin fyrirtæki og á verðmyndun eða fjárfestingarákvarðanir á markaði með losunarheimildir.
- 17) Með tilliti til rýmra gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar þá fjármálagerninga sem hún tekur til og þar sem krafan um að lögbæru yfirvaldi sé send tilkynning eftirá gildir um útgefendur sem hafa óskað eftir, eða samþykkt, að fjármálagerningar þeirra verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í aðildarríki eða, sé um að ræða gerninga sem aðeins eru viðskipti með á markaðstorgi fjármálagerninga eða annars konar skipulegum viðskiptavettvangi, um útgefendur sem hafa samþykkt að fjármálagerningar þeirra séu teknir til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga eða annars konar skipulegum viðskiptavettvangi eða hafa óskað eftir töku fjármálagerninga sinna til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga í aðildarríki og þar sem slíkir útgefendur geta látið taka fjármálagerninga sína til viðskipta, eða séu þegar viðskipti með þá, á viðskiptavettvöngum í mismunandi aðildarríkjum, ætti að vera tryggt að í öllum tilvikum sé hið eina lögbæra yfirvald sem tekur við tilkynningunni það yfirvald sem hefur mestra hagsmuna að gæta að því er varðar eftirlit á markaði og að útgefandinn hafi ekki ákvörðunarvald. Þessi nálgun grundvallast á notkun hugtaksins hlutabréfatengd verðbréf.
- 18) Sú skylda að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um tafir á birtingu innherjaupplýsinga eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 gildir einnig um þátttakendur á markaði með losunarheimildir. Með tilliti til gildissviðs gildir reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um þátttakendur á markaði með losunarheimildir sem eru annaðhvort virkir á frummarkaði með losunarheimildir eða uppboðsafurðir á grundvelli þeirra (gera tilboð á uppboðum) og á eftirmarkaði með afleiður sem byggjast á losunarheimildum.
- 19) Til að tryggja að eitt lögbært yfirvald sé tilgreint, til vissu fyrir þátttakendur á markaði með losunarheimildir, ætti lögbæra yfirvaldið, að því er varðar tilkynningarnar skv. 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ES) nr. 596/2014, að vera lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem þátttakandinn á markaði með losunarheimildir er skráður, skv. 2. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, frekar en lögbært yfirvald sérhvers viðskiptavettvangs þar sem viðskipti með losunarheimildirnar fara fram.
- 20) Að velja lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem þátttakandi á markaði með losunarheimildir er skráður er lausn sem ávallt tilgreinir með vissu eitt lögbært yfirvald og takmarkar það rekstrarlegt álag þátttakenda á markaði með losunarheimildir með því að tryggja að þeir þurfi ekki að senda margar og samhliða tilkynningar til margra lögbærra yfirvalda.
- 21) Útgefandi getur í undantekningartilvikum heimilað einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum að halda áfram tafarlausrí sölu á hlutabréfum sínum á lokuðu tímabili. Heimild útgefanda ætti að veita í hverju tilviki fyrir sig og fyrsta skilyrði ætti að vera að einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum hafi óskað eftir og fengið heimild útgefandans fyrir viðskiptunum áður en þau eiga sér stað. Til að gera útgefandanum kleift að meta aðstæður í hverju tilviki fyrir sig ætti beiðnin að vera rökstudd og innihalda skýringu á viðskiptunum sem fyrirhuguð eru og lýsingu á sérstökum einkennum aðstæðnanna.

- 22) Ákvörðunina um að veita heimild til viðskipta ætti aðeins að íhuga ef ástæðan fyrir beiðni um að eiga viðskipti er undantekningartilvik. Undanþáguna ætti að túlka þröngt án þess að færa að óþörfu út gildissvið undanþágunnar frá banni við að eiga viðskipti á lokuðu tímabili. Aðstæðurnar þegar veita má undanþágu ættu ekki aðeins að vera verulega aðkallandi heldur einnig ófyrirséðar, knýjandi og ekki af völdum einstaklingsins sem gegnir stjórnunarstörfum.
- 23) Ef einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum lenda í ófyrirséðum, erfiðum aðstæðum sem þeir hafa ekki stjórn á ætti aðeins að heimila þeim að selja hlutabréf til að afla nauðsynlegs fjármagns. Þessar aðstæður gætu átt rætur að rekja til fjárskuldbindingar sem einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum þarf að uppfylla, s.s. kröfu sem er framfylgjanleg að lögum, þ.m.t. dómsúrskurði, og að því tilskildu að einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum geti ekki með góðu móti uppfyllt þessa skuldbindingu án þess að selja viðkomandi hlutabréf. Þær gætu einnig átt rætur sínar að rekja til aðstæðna sem einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum hefur komið sér í áður en lokaða tímabilið hófst (t.d. skattskuld) og sem krefjast þess að upphæð sé greidd þriðja aðila sem einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum gat ekki fjármagnað, að öllu leyti eða að hluta, með öðrum hætti en með sölu á hlutabréfum útgefanda.
- 24) Að því er varðar viðskipti samkvæmt eða í tengslum við áætlun um hlutabréfaeign eða sparnað starfsfólks, ávinnslu eða réttindi til hlutabréfa skal ganga úr skugga um að útgefandinn megi heimila þau. Því ætti að tilgreina og ákvarða í smáatriðum tilteknar tegundir viðskipta. Einkenni slíkra viðskipta tengjast eðli viðskiptanna (t.d. kaup eða sala, nýting valréttar eða annarra réttinda), tímasetningu viðskiptanna eða hvort einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum gengur inn í tiltekna áætlun, og hvort viðskiptin og einkenni þeirra (t.d. framkvæmdardagsetning, fjárhæð) hafi verið samþykkt, áætluð og skipulögð hæfilega löngu fyrir upphaf lokaða tímabilsins.
- 25) Þar að auki væri mögulegt að framkvæma viðskipti, þar sem raunverulegir hagsmunir breytast ekki, að frumkvæði einstaklings sem gegnir stjórnunarstörfum að því tilskildu að sá aðili hafi óskað eftir og fengið heimild útgefandans áður en fyrirhuguð viðskipti áttu sér stað. Viðkomandi viðskipti ættu aðeins að varða yfirfærslu viðkomandi geminga milli reikninga einstaklingsins sem gegnir stjórnunarstörfum (t.d. milli áætlana), án þess að það hafi í för með sér breytingu á verði yfirfærðu gerninganna. Þessi nálgun felur ekki í sér framsal fjármálagerninga eða önnur viðskipti, s.s. sölu eða kaup, milli einstaklings sem gegnir stjórnunarstörfum og annars aðila, einkum lögaðila sem er að fullu í eigu einstaklings sem gegnir stjórnunarstörfum.
- 26) Með reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eru lagðar kröfur á einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum, sem og á aðila sem eru þeim nákomnir, um að tilkynna útgefandanum og lögbæra yfirvaldinu um öll viðskipti sem fram fara fyrir eigin reikning þeirra í tengslum við hlutabréf eða skuldagerninga viðkomandi útgefanda eða í tengslum við afleiður eða aðra fjármálagerninga sem tengjast þeim. Einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum, sem og aðilar þeim nákomnir, ættu einnig að tilkynna þátttakendum á markaði með losunarheimildir um öll viðskipti fyrir eigin reikning í tengslum við losunarheimildir, uppboðsafurðir á grundvelli þeirra eða afleiður sem þeim tengjast.
- 27) Tilkynningar um viðskipti einstaklinga, sem gegna stjórnunarstörfum hjá útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir, sem þeir eiga í fyrir eigin reikning, eða aðila sem eru nákomnir þeim, eru ekki einungis verðmætar upplýsingar fyrir markaðsaðila heldur eru einnig viðbótarúrræði fyrir lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með mörkuðum. Skylda slíkra aðila til að tilkynna viðskipti hefur ekki áhrif á skyldu þeirra að beita ekki markaðssvikum eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 596/2014.
- 28) Sú skylda að tilkynna viðskipti sem einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum, eða aðilar þeim nákomnir, framkvæma gildir um breitt svið starfsemi og tekur til allra viðskipta sem þeir eiga fyrir eigin reikning. Af þessum sökum þykir rétt að gera yfirgripsmikinn lista, sem ekki er tæmandi, yfir tilteknar tegundir viðskipta sem ætti að tilkynna. Þetta ætti ekki aðeins að stuðla að fullkomnu gagnsæi viðskipta einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum og aðila þeim nákomnum þeim heldur einnig draga úr hættu á að tilkynningaskyldan sé sniðgengin með því að tilgreina aðeins tilteknar tegundir tilkynningarskyldra viðskipta.
- 29) Þar sem svið þeirra viðskipta sem eiga að falla undir valdheimildina skv. 14. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 er breitt og ekki er mögulegt að takmarka það eingöngu við þær þrjár tegundir viðskipta sem sérstaklega eru skráðar í 7. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar þykir rétt að tilgreina yfirgripsmeiri lista, sem ekki er tæmandi, yfir tilteknar tegundir viðskipta sem ætti að tilkynna um.

- 30) Í tengslum við skilyrðisbundin viðskipti skapast krafa um tilkynningu þegar eitt eða fleiri viðkomandi skilyrði eru uppfyllt, þ.e. þegar viðskiptin sem um er að ræða fara í raun fram. Því ætti ekki að mæla fyrir um kröfu um að tilkynna bæði um skilyrðisbundna samninginn og viðskiptin sem framkvæmd eru að uppfylltum slíkum skilyrðum þar sem slík tilkynning myndi reynast ruglandi í raun, einkum þegar skilyrðin uppfyllast ekki og viðskiptin eru ekki framkvæmd.
- 31) Viðkomandi ákvæði og valdheimildir sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 koma fyrst til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016. Því er mikilvægt að reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð gildi einnig frá þeirri sömu dagsetningu.
- 32) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit sérfræðingahóps evrópsku verðbréfa-nefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um:

- 1) rýmkun undanþágu frá þeim skyldum og bönnum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 svo hún nái til tiltekinna opinberra aðila og seðlabanka þriðju landa við framfylgd peninga- eða gengisstefnu eða stefnu um stýringu opinberra skulda,
- 2) vísbendingar um markaðsmisnotkun sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014,
- 3) viðmiðunarmörk um birtingu innherjaupplýsinga af hálfu þátttakenda á markaði með losunarheimildir,
- 4) lögbært yfirvald að því er varðar tilkynningar um tafir á opinberri birtingu innherjaupplýsinga,
- 5) við hvaða aðstæður útgefanda er heimilt að leyfa viðskipti á lokuðu tímabili,
- 6) tegundir viðskipta sem virkja skyldu til að tilkynna um viðskipti stjórnenda.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „hlutabréfatengd verðbréf“ þann flokk framseljanlegra verðbréfa sem um getur á a-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹⁾.

3. gr.

Undanþegnir opinberir aðilar og seðlabankar þriðju landa

Reglugerð (ESB) nr. 596/2014 gildir ekki um viðskipti, fyrirmæli eða hegðun sem miðar að því að framfylgja peningamálastefnu, gengisstefnu eða stefnu um stýringu opinberra skulda, að því marki sem slíkt er í almannáþágu, hefur eingöngu þann tilgang að framfylgja slíkum stefnum og er stundað af þeim opinberu aðilum og seðlabönkum í þriðju löndum sem taldir eru upp í I. viðauka við þessa reglugerð.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtúð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

*4. gr.***Vísendingar um misnotkun**

1. Í tengslum við vísendingar um misnotkun með því að gefa ranga eða villandi mynd og tryggja óeðlilegt verð, sem um getur í A-þætti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014, er það athæfi sem vísendingarnar í a- til g-lið A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eiga við um talið upp í 1. þætti II. viðauka við þessa reglugerð.
2. Í tengslum við vísendingar um misnotkun með uppspuna eða öðrum blekkingum eða klækjum, sem um getur í B-þætti I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014, er það athæfi sem vísendingarnar í a- og b-lið B-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014 eiga við um talið upp í 2. þætti II. viðauka við þessa reglugerð.

*5. gr.***Lágmark koltvísýrings og nafnvarmafls**

1. Að því er varðar aðra undirgrein 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 er:
 - a) lágmark koltvísýringsgildis (CO₂) 6 milljónir tonna á ári,
 - b) lágmark nafnvarmafls 2430 MW.
2. Viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr. skulu gilda á samstæðustigi og varða alla starfsemi, þ.m.t. flugstarfsemi eða stöðvar, sem viðkomandi þátttakandi á markaði með losunarheimildir, eða móðurfélag hans eða tengt félag, á eða hefur yfirráð yfir eða rekstrarþætti sem viðkomandi þátttakandi, eða móðurfélag hans eða tengt félag, ber ábyrgð á, að öllu leyti eða að hluta til.

*6. gr.***Ákvörðun þess hvaða lögbært yfirvald á í hlut**

1. Það lögbæra yfirvald sem útgefandi fjármálagerninga skal tilkynna um tafir á birtingu innherjaupplýsinga til skv. 4. og 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal vera lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem útgefandinn er skráður í eftirfarandi tilvikum:
 - a) ef og svo lengi sem hlutabréfatengd verðbréf útgefandans hafa verið tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau með samþykki hans, eða útgefandinn hefur óskað eftir að þau verði tekin til viðskipta, á viðskiptavettvangi í aðildarríkinu þar sem útgefandinn er skráður,
 - b) ef og svo lengi sem ekki er til að dreifa hlutabréfatengdum verðbréfum útgefanda sem hafa verið tekin til viðskipta eða viðskipti eru með, með samþykki hans, eða sem útgefandinn hefur óskað eftir að verði tekin til viðskipta, á viðskiptavettvangi í einhverju aðildarríki, að því tilskildu að til sé að dreifa öðrum fjármálagerningum útgefandans sem eru teknir til viðskipta eða viðskipti eru með, með samþykki hans, eða sem útgefandinn hefur óskað eftir að verði teknir til viðskipta, á viðskiptavettvangi í aðildarríkinu þar sem útgefandinn er skráður.
2. Í öllum öðrum tilvikum, þ.m.t. ef um er að ræða útgefendur sem hafa staðfestu í þriðja landi, skal útgefandi fjármálagernings tilkynna um tafir á birtingu innherjaupplýsinga til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem:
 - a) hlutabréfatengd verðbréf útgefandans hafa verið tekin til viðskipta eða viðskipti eru með þau með samþykki hans, eða þar sem útgefandinn hefur óskað eftir að þau verði tekin til viðskipta, á viðskiptavettvangi í fyrsta sinn,
 - b) aðrir fjármálagerningar útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða viðskipti eru með þá með samþykki hans, eða útgefandinn hefur óskað eftir að þeir verði teknir til viðskipta, á viðskiptavettvangi í fyrsta sinn, ef og svo lengi sem ekki er til að dreifa hlutabréfatengdum verðbréfum útgefandans sem hafa verið tekin til viðskipta eða sem viðskipti eru með, með samþykki hans, eða sem útgefandinn hefur óskað eftir að verði tekin til viðskipta, á viðskiptavettvangi í einhverju aðildarríki.

Ef viðkomandi fjármálagerningur útgefanda hafa verið teknir til viðskipta eða viðskipti eru með þá með hans samþykki, eða útgefandinn óskað eftir að þeir verði teknir til viðskipta, í fyrsta sinn samtímis á viðskiptavettvöngum í fleiri en einu aðildarríki skal útgefandi fjármálagerninganna tilkynna um töfina til lögbærs yfirvalds viðskiptavettvangsins sem er sá markaður sem best á við með tilliti til seljanleika, eins og ákvarðað er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem setja skal skv. b-lið 9. mgr. 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾.

3. Að því er varðar tilkynningar skv. 4. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal þátttakandi á markaði með losunarheimildir tilkynna um töf á birtingu innherjaupplýsinga til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem þátttakandinn á markaði með losunarheimildir er skráður.

7. gr.

Viðskipti á lokuðu tímabili

1. Einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum hjá útgefanda skal heimilt að eiga viðskipti á lokuðu tímabili, eins og það er skilgreint í 11. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) einhverjar þeirra aðstæðna sem um getur í 12. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 séu fyrir hendi,
- b) einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum geti sýnt fram á að ekki sé unnt að framkvæma viðkomandi viðskipti á öðrum tíma en á lokaða tímabilinu.

2. Við þær aðstæður sem um getur í a-lið 12. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 skal einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum, áður en viðskipti fara fram á lokaða tímabilinu, senda útgefandanum rökstudda og skriflega beiðni um leyfi hans til að hefja tafarlausa sölu hlutabréfa þess útgefanda á lokuðu tímabili.

Í skriflegu beiðninni skal lýsa fyrirhuguðum viðskiptum og gefa skýringu á því hvers vegna sala hlutabréfa er eini raunhæfi kosturinn til að fá nauðsynlega fjármögnun.

8. gr.

Undantekningartilvik

1. Við ákvörðun á því hvort veita skuli leyfi til að hefja tafarlausa sölu hlutabréfa útgefanda á lokuðu tímabili skal hann leggja mat, í hverju tilvikum fyrir sig, á skriflega beiðni eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. frá einstaklingnum sem gegnir stjórnunarstörfum. Útgefandinn skal því aðeins hafa heimild til að leyfa tafarlausa sölu hlutabréfa að aðstæður slíkra viðskipta geti talist til undantekningartilvika..

2. Aðstæður sem um getur í 1. mgr. teljast undantekningartilvik ef þær eru einkar aðkallandi, ófyrirséðar og knýjandi og ef þær stafa af utanaðkomandi ástæðum gagnvart einstaklingnum sem gegnir stjórnunarstörfum og eru ekki á valdi hans.

3. Þegar tekið er til athugunar hvort þær aðstæður sem lýst er í skriflegu beiðninni sem um getur í 2. mgr. 7. gr. teljast til undantekningartilvika skal útgefandinn taka tillit til þess, meðal annarra vísbendinga, hvort og að hvaða marki einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum:

- a) stendur, á þeirri stundu sem hann leggur fram beiðnina, frammi fyrir fjárskuldbindingu eða kröfu sem er framfylgjanleg samkvæmt lögum,
- b) verður að standa við fjárskuldbindingu eða er í aðstæðum sem komu upp fyrir upphaf lokaða tímabilsins sem krefjast greiðslu fjárhæðar til þriðja aðila, að meðtalinni skattskuld, og getur ekki með góðu móti uppfyllt fjárskuldbindinguna eða kröfuna með öðrum hætti en tafarlausri sölu hlutabréfa.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stj.útd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

9. gr.

Einkenni viðskipta á lokaðu tímabili

Útgefanda skal heimilt að leyfa einstaklingi sem gegnir stjórnunarstörfum hjá útgefandanum að eiga viðskipti fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila á lokaðu tímabili, þ.m.t., án þess að tæmandi sé talið, við aðstæður þar sem sá einstaklingur sem gegnir stjórnunarstörfum:

- a) hefur fengið úthlutað, eða honum hafa verið veittir, fjármálagerningar samkvæmt starfsmannaáætlun, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. útgefandinn hafi áður samþykkt starfsmannaáætlunina og skilmála hennar í samræmi við landslög og skilmálar starfsmannaáætlunarinnar tilgreini tímasetningu afhendingar eða veitingar og fjárhæð fjármálagerninganna sem er úthlutað eða veittir, eða á hvaða grundvelli slík fjárhæð er reiknuð út, og að því tilskildu að ekki sé unnt að beita ákvörðunarvaldi,
 - ii. einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum hafi ekki ákvörðunarvald um viðurkenningu þeirra fjármálagerninga sem er úthlutað eða þeir veittir,
- b) hefur fengið úthlutað eða honum hafa verið veittir fjármálagerningar samkvæmt starfsmannaáætlun á lokaða tímabilinu, að því tilskildu að fyrirframákveðinni og skipulagðri nálgun sé fylgt að því er varðar skilyrði, tíðni, tímasetningu afhendingarinnar, hóp réttbærra einstaklinga sem fjármálagerningarnir eru veittir til og fjárhæð fjármálagerninganna sem skal úthluta, og úthlutun eða veiting fjármálagerninganna fer fram samkvæmt skilgreindum ramma sem kemur í veg fyrir að innherjaupplýsingar hafi áhrif á úthlutun eða veitingu fjármálagerninga,
- c) nýtir valrétti eða áskriftarréttindi eða breytingu breytanlegra skuldabréfa sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt starfsmannaáætlun þegar lokadagur slíkra valréttta, áskriftarréttinda eða breytanlegra skuldabréfa er á lokaðu tímabili, eða selur hlutabréf sem eru keypt með slíkri nýtingu eða breytingu, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum tilkynni útgefandanum um þá ákvörðun sína að nýta réttinn eða breyta bréfunum a.m.k. fjórum mánuðum fyrir lokadaginn,
 - ii. ákvörðun einstaklingsins sem gegnir stjórnunarstörfum sé óafturkræf,
 - iii. einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum hafi fengið fyrirframheimild útgefanda,
- d) eignast fjármálagerninga útgefanda samkvæmt áætlun um sparnað starfsmanna, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - i. einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum hafi hafið þátttöku í áætluninni áður en lokaða tímabilið hefst, nema hann geti ekki hafið þátttöku í áætluninni á öðrum tíma vegna þess á hvaða degi hann hóf störf,
 - ii. einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum breyti hvorki skilyrðum fyrir þátttöku sinni í áætluninni né afturkalli þátttöku sína í henni á lokaða tímabilinu,
 - iii. fyrirkomulag kaupanna sé greinilega skipulagt í samræmi við skilmála áætlunarinnar og einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum hafi hvorki rétt né möguleika samkvæmt lögum til að breyta því á lokaða tímabilinu, eða það sé skipulagt samkvæmt áætluninni þannig að þau eigi sér stað á ákveðnum degi sem fellur innan lokaða tímabilsins,
- e) yfirfærir eða tekur við fjármálagerningum, beint eða óbeint, að því tilskildu að þeir séu yfirfærðir milli tveggja reikninga einstaklingsins sem gegnir stjórnunarstörfum og að yfirfærslan hafi ekki í för með sér breytingu á verði fjármálagerninga,
- f) öðlast hæfi í tengslum við eða rétt til hlutabréfa útgefanda og lokadagur slíkrar ávinnslu samkvæmt félagslögum eða samþykktum útgefanda er á lokaða tímabilinu, að því tilskildu að einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum leggi fram gögn hjá útgefanda um ástæður þess að ávinnslan geti ekki farið fram á öðrum tíma og útgefandinn sé sáttur við framlagða skýringu.

10. gr.

Tilkynningarskyld viðskipti

1. Samkvæmt 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, og til viðbótar við þau viðskipti sem um getur í 7. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, skulu einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum hjá útgefanda eða þátttakanda á markaði með losunarheimildir og aðilar sem eru nákomnir þeim tilkynna útgefandanum eða þátttakandanum á markaði með losunarheimildir og lögbæra yfirvaldinu um viðskipti sín.

Á meðal slíkra tilkynntra viðskipta skulu vera öll viðskipti einstaklinga sem gegna stjórnunarstörfum fyrir eigin reikning í tengslum, að því er varðar útgefendurna, við hlutabréf eða skuldagerninga útgefandans eða afleiður eða aðra fjármálagerninga sem tengjast þeim og, að því er varðar þátttakendur á markaði með losunarheimildir, við losunarheimildir, uppboðsafurðir á grundvelli þeirra eða afleiður sem þeim tengjast.

2. Á meðal slíkra tilkynntra viðskipta skulu vera eftirfarandi:

- a) kaup, sala, skortsala, áskrift eða skipti,
- b) samþykki eða nýting hlutabréfavalréttar, þ.m.t. hlutabréfavalréttar sem veittur er stjórnendum eða starfsfólki sem hluti af starfskjörum, og sala hlutabréfa sem eru til komin vegna nýtingar hlutabréfavalréttar,
- c) gerð eða nýting hlutabréfaskiptasamninga,
- d) viðskipti með eða í tengslum við afleiður, þ.m.t. viðskipti sem gerð eru upp með reiðufé,
- e) gerð mismunasmunings um fjármálagerning viðkomandi útgefanda eða um losunarheimildir eða uppboðsafurðir á grundvelli þeirra,
- f) kaup, ráðstöfun eða nýting réttinda, þ.m.t. sölu- og kaupréttar og áskriftarréttinda,
- g) áskrift að hlutafjárukningu eða útgáfu skuldagerninga,
- h) viðskipti með afleiður og fjármálagerninga sem tengjast skuldagerningi viðkomandi útgefanda, þ.m.t. skuldatryggingar,,
- i) skilyrt viðskipti sem ráðast af því hvort skilyrði viðskiptanna eru uppfyllt og viðskiptin raunverulega framkvæmd,
- j) sjálfvirk eða ósjálfvirk umbreyting fjármálagernings í annan fjármálagerning, þ.m.t. skipti breytanlegra skuldabréfa í hlutabréf,
- k) gjafir og framlög, sem eru veitt eða tekið við, og fenginn arfur,
- l) viðskipti sem framkvæmd eru með vísitölutengdar afurðir, körfur og afleiður, að því marki sem þess er krafist skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- m) viðskipti sem framkvæmd eru með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum, þ.m.t. sérhæfðum sjóðum sem um getur í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽¹⁾, að því marki sem þess er krafist skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- n) viðskipti sem rekstraraðili sérhæfðs sjóðs framkvæmir og einstaklingurinn sem gegnir stjórnunarstörfum eða aðili nákominn honum hefur fjárfest í, að því marki sem þess er krafist skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014,
- o) viðskipti sem þriðji aðili framkvæmir samkvæmt umboði til einstaklingsmiðaðrar stýringar eignasafns eða eignastýringar fyrir hönd eða í þágu einstaklings sem gegnir stjórnunarstörfum eða aðila sem er honum nákominn,
- p) lántaka eða útlán hlutabréfa eða skuldagerninga útgefanda eða afleiðna eða annarra fjármálagerninga í tengslum við þau.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtúð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

*I. VIÐAUKI***Opinberir aðilar og seðlabankar þriðju landa**

1. Ástralía:
 - Seðlabanki Ástralíu (Reserve Bank of Australia),
 - Fjármálasýsla Ástralíu (Australian Office of Financial Management),
2. Brasilía:
 - Ríkissjóður Brasilíu (Central Bank of Brazil),
 - Fjármálaráðuneyti Brasilíu (National Treasury of Brazil),
3. Kanada:
 - Seðlabanki Kanada (Bank of Canada),
 - Fjármálaráðuneyti Kanada (Department of Finance Canada),
4. Kína:
 - Seðlabanki Kína (People's Bank of China),
5. Hong Kong, sérstjórnarsvæði Alþýðulýðveldisins Kína
 - Seðlabanki Hong Kong (Hong Kong Monetary Authority),
 - Skrifstofa fjármálaþjónustu og ríkissjóðs í Hong Kong (Financial Services and the Treasury Bureau of Hong Kong),
6. Indland:
 - Seðlabanki Indlands (Reserve Bank of India),
7. Japan:
 - Seðlabanki Japans (Bank of Japan),
 - Fjármálaráðuneyti Japans (Ministry of Finance of Japan),
8. Mexíkó:
 - Seðlabanki Mexíkó (Bank of Mexico),
 - Ráðuneyti fjármála og opinberra skulda í Mexíkó (Ministry of Finance and Public Credit of Mexico),
9. Singapúr:
 - Seðlabanki Singapúr (Monetary Authority of Singapore),
10. Suður-Kórea:
 - Seðlabanki Suður-Kóreu (Bank of Korea),
 - Fjármálaráðuneyti Suður-Kóreu (Ministry of Strategy and Finance of Korea),
11. Sviss:
 - Seðlabanki Sviss (Swiss National Bank),
 - Skrifstofa opinberra fjármála svissneska sambandsríkisins (Federal Finance Administration of Switzerland),
12. Tyrkland:
 - Seðlabanki Tyrklands (Central Bank of the Republic of Turkey),
 - Undirráðuneyti opinberra fjármála í Tyrklandi (Undersecretariat of Treasury of the Republic of Turkey)

13. Bandaríkin:

- Seðlabanki Bandaríkjanna (Federal Reserve System),
 - Bandaríska fjármálaráðuneytið (U.S. Department of the Treasury)
-

II. VIÐAUKI

Vísendingar um misnotkun

1. ÞÁTTUR

**VÍSBENDINGAR UM MISNOTKUN MEÐ ÞVÍ AÐ GEFA RANGA EÐA VILLANDI MYND OG TRYGGJA ÓEÐLILEGT VERÐ
(A-LIÐUR I. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (ESB) nr. 596/2014**

1. Athæfi sem samsvarar viðmiði a-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
 - a) Kaup á stöðu, þ.m.t. kaup samráðsaðila, í fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, á eftirmarkaði eftir úthlutun á frummarkað í því skyni að setja fram gerviverð og skapa áhuga annarra fjárfesta – nefnist venjulega, t.d. í tengslum við hlutabréf, samráð á eftirmarkaði frumútboðs þar sem samráðsaðilar eiga hlut að máli. Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísendingum um markaðsmisnotkun:
 - i. óvenjuleg samþjöppun viðskipta og/eða fyrirmæla um viðskipti, hvort sem það er almennt eða aðeins hjá einum aðila sem notar einn eða mismunandi reikninga, eða hjá takmörkuðum fjölda aðila,
 - ii. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem virðast aðeins hafa þann tilgang að hækka verð eða auka magn viðskipta og sem eiga sér stað/eru gefin nálægt viðmiðunarpunkti á viðskiptadegi, t.d. við opnun eða nálægt lokun,
 - b) Viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem eru framkvæmd með þeim hætti að hindranir skapast fyrir fjármálagerning, tengdan stundarsamning um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, þannig að verð fer undir eða yfir tiltekið stig, aðallega til að komast hjá neikvæðum afleiðingum breytinga á verði fjármálagerningsins, tengds stundarsamnings um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum – nefnist venjulega „að skapa gólf eða þak í verðmyndun“ (e. *creation of a floor, or a ceiling in the price pattern*). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísendingum um markaðsmisnotkun:
 - i. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að hækka, lækka eða viðhalda verði dagana í aðdraganda útgáfu, valkvæðrar innlausnar eða lokadags tengdrar afleiðu eða breytanlegs gernings,
 - ii. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að hækka eða lækka vegið meðalverð dagsins eða tímaskeiðs á viðskiptatímabilinu,
 - iii. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að halda verði undirliggjandi fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum undir eða yfir lausnarverði eða öðrum þætti sem notaður er til að ákvarða útgreiðslu (t.d. hindrun) tengdrar afleiðu á lokadegi,
 - iv. viðskipti á viðskiptavettvangi sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að breyta verði undirliggjandi fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum þannig að það fari yfir eða nái ekki lausnarverði eða öðrum þætti sem notaður er til að ákvarða útgreiðslu (t.d. hindrun) tengdrar afleiðu á lokadegi,
 - v. viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að breyta verði undirliggjandi fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, ef það verð er notað sem viðmið eða ákvörðunarþáttur við útreikning krafna um tryggingar.
 - c) Innsetning smárra tilboða um viðskipti til að komast að því hvert umfang falinna tilboða er, einkum til að meta hvað er til staðar á ógagnsæjum vettvangi – nefnist venjulega „ping tilboð“ (e. *ping orders*).
 - d) Framkvæmd fyrirmæla eða raðar fyrirmæla um viðskipti til að svipta hulunni af tilboðum annarra þátttakanda og setja síðan inn tilboð um viðskipti til að notfæra sér þær upplýsingar sem þannig fást – nefnist venjulega „vefveiðar“ (e. *phishing*).

2. Athæfi sem samsvarar viðmiði b-liðar A-liðar I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:

- a) Athæfið sem lýst er í a-lið 1. liðar í þessum þætti, nefnist venjulega, t.d. í tengslum við hlutabréf, samráð á eftirmarkaði frumútboðs þar sem samráðsaðilar eiga hlut að máli.
- b) Að nýta veruleg áhrif af markaðsráðandi stöðu að því er varðar framboð eða eftirspurn eftir eða kerfi til afhendingar á fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, í því skyni að skekkja verulega, eða með hætti sem líklegur er til að skekkja, verð sem aðrir aðilar verða að afhenda, taka við eða fresta afhendingu á til að uppfylla skyldur sínar – nefnist venjulega „misnotkun á markaðsráðandi stöðu í formi verðþrýstings“ (e. *abusive squeeze*).
- c) Viðskipti fara fram eða tilboð um viðskipti eru sett inn á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (þ.m.t. innsetning skilaboða um viðskiptaáhuga) í því skyni að hafa óeðlileg áhrif á verð sama fjármálagernings á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum – nefnist venjulega „misnotkun milli viðskiptavettvanga“ (e. *inter-trading venues manipulation*) (viðskipti á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs til að hagræða með óeðlilegum hætti verði fjármálagernings á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
 - i. framkvæmd viðskipta sem breyta kaup-/söluverði þar sem verðbilið er þáttur í ákvörðun verðs í öðrum viðskiptum, hvort sem það er á sama eða öðrum viðskiptavettvangi,
 - ii. vísbindingunum sem lýst er í i. lið, iii. lið., iv. lið og v. lið b-liðar 1. liðar í þessum þætti.
- d) Viðskipti fara fram eða tilboð um viðskipti eru sett inn á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs (þ.m.t. innsetning skilaboða um viðskiptaáhuga) í því skyni að hafa óeðlileg áhrif á verð tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs, tengds stundarsamnings um hrávörur eða uppboðsafurðar sem grundvallast á losunarheimildum (e. *cross-product manipulation* (viðskipti með fjármálagerning til að hagræða með óeðlilegum hætti verði tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs). Þessu athæfi má einnig lýsa með þeim viðbótarvísbindingunum um markaðsmisnotkun sem um getur í i. lið, iii. lið, iv. lið og v. lið b-liðar 1. liðar og i. lið c-liðar 2. liðar í þessum þætti.

3. Athæfi sem samsvarar viðmiði c-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:

- a) Að gera samkomulag um sölu eða kaup á fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávörur eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, þar sem engin breyting verður á hagsmunaeign eða markaðsáhættu eða hagsmunaeign eða markaðsáhætta færast milli aðila sem hafa með sér samstarf eða samráð – nefnist venjulega viðskipti þar sem kaupandi og seljandi eru sami aðili (e. *wash trades*). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
 - i. óvenjuleg endurtekning viðskipta meðal fárra aðila á tilteknu tímabili,
 - ii. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem breyta, eða eru líkleg til að breyta, virði stöðu án þess að minnka/stækka stærð stöðunnar,
 - iii. vísbindingunni sem lýst er í i. lið a-liðar 1. liðar í þessum þætti.
- b) Að gefin séu fyrirmæli um viðskipti eða átt sé í viðskiptum eða röð viðskipta sem sýnd eru á opinberum birtingarvettvangi til að láta líta út fyrir að um sé að ræða virkni eða hreyfingu á verði fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum (e. *painting the tape*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbindingunum sem um getur í i. lið a-liðar 1. liðar og i. lið a-liðar 3. liðar þessa þátar.
- c) Viðskipti sem fara fram vegna þess að sett eru inn kaup- og söluþilboð um viðskipti á sama eða nánast sama tíma sem eru mjög svipuð að magni og á svipuðu verði, af sama aðila eða mismunandi aðilum sem hafa samráð (e. *improper matched orders*). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
 - i. viðskipti eða fyrirmæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að stilla af markaðsverð þegar seljanleiki eða dýpt tilboðaskrárinnar nægja ekki til að fastsetja verð innan viðskiptatímabilsins,
 - ii. vísbindingunum sem lýst er í i. lið a-liðar 1. liðar, i. lið a-liðar 3. liðar og ii. lið a-liðar 3. liðar í þessum þætti.

- d) Viðskipti eða röð viðskipta sem ætlað er að dylja eignarhald fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum með því að brjóta upplýsingakröfur með því að eiga fjármálagerninginn, tengda stundarsamninginn um hrávöru eða uppboðsafurðina sem grundvallast á losunarheimildum í nafni eins eða fleiri samráðsaðila. Upplýsingagjöfin er villandi um hið sanna undirliggjandi eignarhald fjármálagerningsins, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum – nefnist venjulega „dulið eignarhald“. Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbendingunni sem lýst er í i. lið a-liðar 3. liðar þessa þáttar.
4. Athæfi sem samsvarar viðmiði d-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Athæfið sem lýst er í b-lið 3. liðar þessa þáttar (e. *painting the tape*).
- b) Athæfið sem lýst er í c-lið 3. liðar þessa þáttar (e. *improper matched orders*).
- c) Að taka gnóttstöðu í fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum og svo kaupa meira og/eða dreifa villandi jákvæðum upplýsingum um fjármálagerninginn, tengda stundarsamninginn um hrávöru eða uppboðsafurðina sem grundvallast á losunarheimildum, í því skyni að hækka verð fjármálagerningsins, tengda stundarsamningsins um hrávöru eða uppboðsafurðarinnar sem grundvallast á losunarheimildum með því að laða að aðra kaupendur. Þegar verðið er orðið óeðlilega hátt er gnóttstaðan seld (e. *pump and dump*).
- d) Að taka skortstöðu í fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum og svo selja meira og/eða dreifa villandi neikvæðum upplýsingum um fjármálagerninginn, tengda stundarsamninginn um hrávöru eða uppboðsafurðina sem grundvallast á losunarheimildum, í því skyni að lækka verð fjármálagerningsins, tengda stundarsamningsins um hrávöru eða uppboðsafurðarinnar sem grundvallast á losunarheimildum með því að laða að aðra seljendur. Þegar verðið hefur lækkað er stöðunni lokað (e. *trash and cash*).
- e) Innsetning mikils fjölda tilboða um viðskipti og/eða afturkallanir og/eða uppfærslur á tilboðum um viðskipti til að skapa óvissu hjá öðrum þátttakendum, hægja á ferli þeirra og fela eigin áætlun (e. *quote stuffing*).
- f) Innsetning tilboða um viðskipti eða raðar tilboða um viðskipti, eða framkvæmd viðskipta eða raðar viðskipta, sem eru líkleg til að setja af stað eða auka tiltekna leitni og að ýta undir að aðrir þátttakendur auki hraða leitinnar eða framlengi hana til að skapa tækifæri til að loka eða opna stöðu á hagstæðu verði (e. *momentum ignition*). Þetta athæfi getur einnig lýst sér í háu hlutfalli afturkallaðra tilboða (t.d. hlutfalli tilboða á móti viðskiptum), sem nota má ásamt magnhlutfalli (t.d. fjölda fjármálagerninga á hvert tilboð).
5. Athæfi sem samsvarar viðmiði e-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Athæfið sem lýst er í b-lið 1. liðar þessa þáttar, venjulega nefnt „að skapa gólf eða þak í verðmyndun“ (e. *creation of a floor, or a ceiling in the price pattern*).
- b) Athæfið sem lýst er í c-lið 2. liðar þessa þáttar, svonefnd „misnotkun milli viðskiptavettvanga“ (e. *inter-trading venues manipulation*) (viðskipti á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs til að hagræða verði fjármálagernings með óeðlilegum hætti á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
- c) Athæfið sem lýst er í d-lið 2. liðar þessa þáttar, svonefnd „misnotkun þvert á afurðir“ (e. *cross-product manipulation*) (viðskipti með fjármálagerning til að hagræða með óeðlilegum hætti verði tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
- d) Kaup eða sala fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum á viðmiðunartíma viðskiptatímabils (t.d. við opnun, lokun, uppgjör) í þeim tilgangi að hækka, lækka eða viðhalda viðmiðunarverði (t.d. opunarverði, lokaverði, uppgjörsverði) á tilteknu stigi – svonefnd „hagræðing lokaverðs“ (e. „*marking the close*“). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
- i. innsetning tilboða sem fela í sér verulegt magn í miðlægri tilboðaskrá viðskiptakerfisins nokkrum mínútum fyrir verðákvörðunarfasa uppboðs, og afturköllun þeirra tilboða nokkrum sekúndum áður en tilboðaskráin er fastsett til útreiknings á uppboðsverði, sem leiðir til þess að fræðilegt opunarverð (e. *theoretical opening price*) getur litið út fyrir að vera hærra eða lægra en það hefði ella gert,

- ii. vísbindingunum sem lýst er í i. lið, iii. lið., iv. lið og v. lið b-liðar 1. liðar í þessum þætti,
 - iii. framkvæmd viðskipta eða framlagning fyrir mæla um viðskipti nálægt viðmiðunarpunkti á viðskiptadeginum, sem vegna stærðar sinnar í hlutfalli við markaðinn munu greinilega hafa veruleg áhrif á framboð eða eftirspurn eða verð eða virði,
 - iv. viðskipti eða fyrir mæli um viðskipti, sem virðast aðeins hafa þann tilgang að hækka/lækka verð eða auka magn viðskipta og eiga sér stað nálægt viðmiðunarpunkti á viðskiptadeginum – t.d. við opnun eða nálægt lokun.
- e) Innsetning margra eða stórra tilboða um viðskipti, oft langt frá þrengsta verðbili, á annarri hlið tilboðaskrárinnar til að framkvæma viðskipti á hinni hlið tilboðaskrárinnar. Þegar þau viðskipti hafa farið fram eru tilboðin sem ekki var ætlunin að framkvæma fjarlægð (e. *layering og spoofing*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbindingunni sem lýst er í i. lið f-liðar 4. liðar.
- f) Athæfið sem lýst er í e-lið 4. liðar þessa þáttar (e. *quote stuffing*).
- g) Athæfið sem lýst er í f-lið 4. liðar þessa þáttar (e. *momentum ignition*).
6. Athæfi sem samsvarar viðmiði f-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Innsetning tilboða sem eru afturkölluð áður en þau eru framkvæmd, sem hefur þau áhrif, eða er líklegt til að hafa þau áhrif, að láta með villandi hætti líta út fyrir að eftirspurn sé eftir eða framboð sé á fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum á því verði – nefnist venjulega „að setja inn tilboð án þess að ætla að framkvæma þau“ (e. *placing orders with no intention of executing them*). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
 - i. fyrir mæli um viðskipti eru færð inn á verði sem hækkar kautilboð eða lækkar sölutilboð og hefur, eða er líklegt til að hafa, þau áhrif að hækka eða lækka verð tengds fjármálagernings,
 - ii. vísbindingunni sem lýst er í i. lið f-liðar 4. liðar í þessum þætti.
 - b) Athæfið sem lýst er í b-lið 1. liðar þessa þáttar, venjulega nefnt „að skapa gólf eða þak í verðmyndun“ (e. *creation of a floor, or a ceiling, in the price pattern*).
 - c) Að færa verðbil kaup- og sölutilboðs á, og/eða halda því á, tilbúnu stigi með því að misnota markaðsstyrk, venjulega nefnt of mikið verðbil kaup- og sölutilboðs. Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísbindingum um markaðsmisnotkun:
 - i. viðskipti eða fyrir mæli um viðskipti sem hafa þau áhrif, eða eru líkleg til að hafa þau áhrif, að farið sé framhjá verndarráðstöfunum markaðarins um viðskipti (t.d. verðtakmörkunum, magntakmörkunum, viðmiðum um verðbil kaup og sölutilboðs o.s.frv.),
 - ii. vísbindingunni sem lýst er í i. lið c-liðar 2. liðar í þessum þætti.
 - d) Innsetning fyrir mæla um viðskipti sem hækka kautilboð (eða lækka sölutilboð) í fjármálagerning, tengdan stundarsamning um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum, í því skyni að hækka (eða lækka) verðið (e. *advancing the bid*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbindingunni sem lýst er í i. lið a-liðar 6. liðar þessa þáttar.
 - e) Athæfið sem lýst er í c-lið 2. liðar þessa þáttar, yfirleitt nefnt „misnotkun milli viðskiptavettvangs“ (e. *inter-trading venues manipulation*) (viðskipti á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs til að hagræða verði fjármálagernings með óeðlilegum hætti á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
 - f) Athæfið sem lýst er í d-lið 2. liðar þessa þáttar, svonefnd „misnotkun þvert á afurðir“ (e. *cross-product manipulation*) (viðskipti með fjármálagerning til að hagræða með óeðlilegum hætti verði tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
 - g) Athæfið sem lýst er í e-lið 5. liðar þessa þáttar, venjulega nefnt „layering“ og „spoofing“.
 - h) Athæfið sem lýst er í e-lið 4. liðar þessa þáttar (e. *quote stuffing*).

- i) Athæfið sem lýst er í f-lið 4. liðar þessa þáttar (e. *momentum ignition*).
 - j) Innsetning tilboða um viðskipti í því skyni að laða að aðra markaðsaðila sem beita hefðbundnum viðskiptaaðferðum (e. *slow traders*), sem er síðan snögglega breytt í óhagstæðari skilmála í von um að ná fram hagnaði á móti innflæði tilboða um viðskipti frá þeim (e. *smoking*).
7. Athæfi sem samsvarar viðmiði g-liðar A-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Athæfið sem lýst er í d-lið 5. liðar þessa þáttar, venjulega nefnt „hagræðing lokaverðs“ (e. *marking the close*).
 - b) Athæfið sem lýst er í a-lið 1. liðar í þessum þætti, venjulega nefnt, t.d. í tengslum við hlutabréf, samráð á eftirmarkaði frumútboðs þar sem samráðsaðilar eiga hlut að máli.
 - c) Athæfið sem lýst er í b-lið 1. liðar þessa þáttar, venjulega nefnt „að skapa gólf eða þak í verðmyndun“ (e. *creation of a floor, or a ceiling, in the price pattern*).
 - d) Athæfið sem lýst er í c-lið 2. liðar þessa þáttar, yfirleitt nefnt „misnotkun milli viðskiptavettvanga“ (e. *inter-trading venues manipulation*) (viðskipti á einum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs til að hagræða verði fjármálagernings með óeðlilegum hætti á öðrum viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
 - e) Athæfið sem lýst er í d-lið 2. liðar þessa þáttar, svonefnd „misnotkun þvert á afurðir“ (e. *cross-product manipulation*) (viðskipti með fjármálagerning til að hagræða með óeðlilegum hætti verði tengds fjármálagernings á öðrum eða sama viðskiptavettvangi eða utan viðskiptavettvangs).
 - f) Gerð samkomulags til að skekkja kostnað í tengslum við hrávörusamning, s.s. váttrygginga eða flutnings, sem hefur þau áhrif að uppgjörsverð fjármálagernings eða tengds stundarsamnings um hrávöru verður óeðlilegt eða tilbúið.
8. Athæfið sem lýst er í c-lið 2. liðar þessa þáttar og sem einnig er getið um í c-lið 5. liðar, e-lið 6. liðar og d-lið 7. liðar þessa þáttar á við í tengslum við gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar misnotkun þvert á vettvanga (e. *cross-venue manipulation*).
9. Athæfið sem lýst er í d-lið 2. liðar þessa þáttar og sem einnig er getið um í c-lið 5. liðar, f-lið 6. liðar og e-lið 7. liðar þessa þáttar á við í tengslum við gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 596/2014 að því er varðar misnotkun þvert á vettvanga, að teknu tilliti til þess að verð eða virði fjármálagernings kann að vera háð eða hafa áhrif á verð eða virði annars fjármálagernings eða stundarsamnings um hrávöru.

2. ÞÁTTUR

VÍSBENDINGAR UM MISNOTKUN MEÐ UPPSPUNA EÐA ÖÐRUM BLEKKINGUM EÐA KLÆKJUM (B-LIÐUR I. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (ESB) nr. 596/2014)

1. Athæfi sem samsvarar viðmiði a-liðar B-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Að miðla röngum eða villandi upplýsingum gegnum fjölmiðla, þ.m.t. Netið, eða með öðrum hætti, sem hafa í för með sér eða eru líklegar til að hafa í för með sér hreyfingu á verði fjármálagernings, tengds stundarsamnings um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum í átt sem er hagfelld stöðu sem tekin hefur verið eða viðskiptum sem fyrirhuguð eru af aðilanum eða aðilunum sem hafa áhuga á að miðla upplýsingunum.
 - b) Að taka stöðu í fjármálagerningi, tengdum stundarsamningi um hrávöru eða uppboðsafurð sem grundvallast á losunarheimildum og loka slíkri stöðu strax eftir að hafa birt opinberlega og lagt áherslu á langt eignartímabil fjárfestingarinnar (e. *opening a position and closing it immediately after its public disclosure*).
 - c) Athæfið sem lýst er í c-lið 4. liðar 1. þáttar (e. *pump and dump*). Þessu athæfi má einnig lýsa með eftirfarandi viðbótarvísendingum um markaðsmisnotkun:
 - i. dreifing fréttar gegnum fjölmiðla í tengslum við aukningu (eða minnkun) virkrar eignarhlutdeildar fyrir eða stuttu eftir óvenjulega hreyfingu á verði fjármálagernings,
 - ii. vísbindingunni sem lýst er í i. lið d-liðar 5. liðar 1. þáttar,

- d) Athæfið sem lýst er í d-lið 4. liðar 1. þáttar (e. *trash and cash*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbendingunum sem lýst er í i. lið d-liðar 5. liðar og i. lið c-liðar 1. liðar þessa þáttar.
 - e) Athæfið sem lýst er í d-lið 3. liðar 1. þáttar, venjulega nefnt „að dylja eignarhald“.
 - f) Flutningur eða geymsla efnislegra hrávara, sem gæti gefið villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði eða virði hrávöru eða einhvers sem er til afhendingar samkvæmt fjármálagerningi eða tengdum stundarsamningi um hrávöru.
 - g) Tilflutningur á tómu flutningaskipi, sem gæti gefið ranga eða villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði eða virði hrávöru eða einhvers sem er til afhendingar samkvæmt fjármálagerningi eða tengdum stundarsamningi um hrávöru.
2. Athæfi sem samsvarar viðmiði b-liðar B-liðar í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 596/2014:
- a) Athæfið sem lýst er í a-lið 1. liðar þessa þáttar. Sem dæmi um þetta athæfi má nefna það að gefa fyrirmæli um eða eiga í viðskiptum áður en eða stuttu eftir að markaðsaðili eða aðilar sem almennt er vitað að tengjast þeim markaðsaðila vinna að eða miðla rannsóknum eða ráðleggingum um fjárfestingu um hið gagnstæða sem eru gerðar aðgengilegar almenningi.
 - b) Athæfið sem lýst er í c-lið 4. liðar 1. þáttar (e. *pump and dump*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbendingunni sem lýst er í i. lið a-liðar 2. liðar þessa þáttar.
 - c) Athæfið sem lýst er í d-lið 3. liðar 1. þáttar (e. *trash and cash*). Þessu athæfi má einnig lýsa með vísbendingunni sem lýst er í i. lið a-liðar 2. liðar þessa þáttar
-